

ÚRSKURÐUR

Aganefndar Landssambands hestamannafélaga. Mál nr. 1/2020

Aganefnd Landssambands hestamannafélaga „Aganefnd“ kom saman þann 10. desember 2020 til að fjalla um og úrskurða í máli sem barst nefndinni frá stjórn Landssambands hestamannafélaga „L.H“ með bréfi þann 10. nóvember sama ár. Í aganefnd eiga sæti; Atli Már Ingólfsson, starfandi formaður, en Þorvaldur Sigurðsson lýsti sig vanhæfan til að fjalla um málið, Sæþór Fannberg og Gísli Guðmundsson.

Málsmeðferð Aganefndar:

Erindi stjórnar L.H frá 10 nóvember er svohljóðandi:

Stjórn L.H vísar til aganefndar til umsagnar eftirfarandi atvikum sem komu upp á tvennum skeiðkappreiðum á keppnistímabilinu 2020:

- a) Knapi á Metamóti Spretts keppti á sama hesti í bæði 150m skeiði og 250m skeiði.*
 - b) Knapi á Skeiðleikum tvö, keppti á sama hesti í bæði 150m og 250m skeiði.*
- Í lögum L.H í gr. 8.17. Viðauka 9 segir: „a) Þar sem keppir í P1/250 m skeiði má ekki keppa í P3/150m skeiði b) Þar sem keppir í P3/150m skeiði má ekki keppa í P1/250m skeiði.*

Stjórn L.H vísar einnig eftirfarandi til aganefndar til umsagnar:

- c) Útfylling mótaskýrslu á Metamóti var ábótavant og henni skilað án samþykkis yfirdómara, skráning dómara í kappreiðum var ekki fullnægjandi og skráður yfirdómari var gæðingadómari en ekki íþróttadómari. Hvert er álit aganefndar á hvort það hafi áhrif á árangur í keppnisgreinum í heild?*

Erindi stjórnar til Aganefndar fylgdu, mótaskýrslur fyrir umrædd mót, bréfaskipti stórnar við Hestamannafélagið Spret, mótsstjóra Metamótsins og Skeiðfélagsins, ásamt áliti laganefndar L.H um ofangreind atvik.

Aðilum var sent erindi og gögn málsins og þeim veittur 10 daga frestur til að koma að sjónarmiðum sínum þann 23. nóvember. Svör þeirra knapa sem um er fjallað bárust Aganefnd 2. og 3. desember. Aganefnd hélt tvo fjarfundi þar sem fjallað var um málið á tímabilinu, ásamt því sem rætt var saman símleiðis.

I. Gögn málsins og málsatvik:

Eins og áður sagði barst Aganefnd erindi frá stjórn L.H þann 10. nóvember 2020. Í stuttu máli er um að ræða álitæfni vegna keppni á tveimur mótum sem sögð eru varða brot á reglu í grein 8.17 í Viðauka 9. Einnig er óskað eftir áliti Aganefndar á því hvaða áhrif það hafi á árangur sem skráður er frá Metamóti Spretts að mótsskýrsla mótsins hafi ekki verið í réttu formi og upplýsingar þar rangar.

II. Metamót Spretts haldið 04.09.2020 – 06.09.2020.

Samkvæmt fyrirbyggjandi mótsskýrslu af mótinu er sami aðili, X, (nafn viðkomandi er getið í mótsskýrslu) skráður í reiti merka eftirfarandi: dýralæknir, formaður, formaður framkvæmdanefndar, fótaskoðun, fulltúi knapa, hestavörður, hlaupagæslumaður, mótssjóri, ritari, ræsir, tímavörður, tölvuvinnsla, vallarstóri og þulur. Þann 28. október 2020 sendi L.H erindi til mótssjórnar og yfirdómnefndar Metamóts Spretts þar sem vísað var til áljóts sem aflað var hjá Laganefnd L.H, dags. 22. október 2020 vegna þess að þar hafi a) sama keppnispar keppt í bæði 150 og 250 metra skeiði b) Yfirdómari í kappreiðum var ekki með íþróttadómaraáréttindi c) athugasemdir við framkvæmd ræsingar og vegna mótsskýrslu mótsins. Í erindi L.H er vitnað til áljóts Laganefndarinnar þar sem segir „Ljóst er að hér var um misbresti að ræða og væri stjórn (L.H). innsk Aganefndar) rétt að senda fyrirspurn á yfirdómnefnd og krefjast úrbóta og að hún grípi til viðeigandi úrræða“ fylgdi álit Laganefndar L.H erindinu til mótssjórnar og yfirdómnefndar Metamótsins.

Þann 2. nóvember 2020 barst stjórn L.H. erindi frá Theódóru Þorvaldsdóttur sem var raunverulegur mótssjóri mótsins en er ekki getið sem slíks í skýrslu mótsins heldur aðili X tilgreindur. Í erindi hennar kemur fram að mótsskýrslan sé í ólagi þar vanti nöfn og í skýrslunni séu nöfn aðila sem ekkert hafi komið að mótinu og hún kannist ekki við m.a. aðili X. Rakið er í erindinu að vandræði hafi verið með skráningu í tölvukerfinu og rekur hún jafnframt gagnlegar ábendingar hvernig laga mætti skráningar í kerfið. Í erindinu er rakið að eftirfarandi hafi m.a. verið starfsmenn mótssins.

1. Mótssjóri - Theódóra Þorvaldsdóttir.
2. Yfirdómari í tölti og skeiði - Jón Ó. Guðmundsson.
3. Ræsir – Sigurður Ævarsson.
4. Tímavörður – Jónína G. Kristinsdóttir.
5. Tímavörður – Jóhann F. Valdimarsson.
6. Hlaupagæsla
 - a. Brynja Viðarsdóttir
 - b. Erla Guðný Gylfadóttir
 - c. Guðmundur Þór
 - d. Ólöf Guðbrandsdóttir
 - e. Jón Ó. Guðmundsson
 - f. Theódóra Þorvaldsdóttir.

Í erindinu er rakið að yfirdómari í „löglegum greinum“ hafi verið Jón Ólafur Guðmundsson. Í mótsskýrslu í Sportfeng er yfirdómri skeiðhluta mótsins hins vegar skráð Marjolijn Tipen, en hennar ásamt annarra dómara mótsins er getið í mótsskýrslu mótsins.

Í málinu liggur jafnframt fyrir önnur greinargerð frá Theódóru Þorvaldsdóttur frá 16.10.2020. Í greinargerðinni kemur fram að hún hafi verið á Metamóti Spretts 2020, hún hafi komið seint inn í nefndina, stuttu fyrir mót og hafi séð um skráningar og tölvuvinnslu í dómpalli. Eftir að mótið var hafið hafi það síðan komið upp að láðst hafi að setja mótssjóra og hafi hún verið beðin um að vera það, en hún hafi ekki verið spennt fyrir því enda ekki undirbúin fyrir það, en hafi tekið það að sér.

Í erindi L.H frá 28. október 2020 er þess að lokum farið á leit við mótssjórn og yfirdómnefnd Metamóts Spretts og um það vísað til áljóts Laganefndar L.H

„að mótssjórn (yfirdómnefnd) geri úrbætur á mótsskýrslu og hlutist til um það að skila löglegri skýrslu, óski mótssjórn eftir því að mótið sé löglegt. Jafnframt

taki mótssjórn (yfirdómnefnd) afstöðu til þess hvernig taka skuli á þeim brotum sem framin voru á keppnisreglum L.H, í skeiðkappreiðum og sendi skýrslu um það til Aganefndar L.H“

Þess var óskað að rétt mótaskýrsla og skýrsla til Aganefndar L.H bærisk eigi síðar en mánudaginn 2. nóvember 2020.

Í erindi formanns Hestamannafélagsins Spretts sem dagsett er þann 22. október. 2020 er vísað til þess að yfirdómari í kappreiða og tölt hluta mótssins hafi verið Jón Ólafur Guðmundsson og sé hann með íþróttadómaraáttindi.

Í málinu liggur fyrir að frekari svör við erindi stjórnar L.H og beiðni um leiðrétt mótsskýrslu hafa ekki borist frá mótssjórn (yfirdómnefnd).

Niðurstaða Aganefndar hvað varðar Metamót Spretts:

Í máli þessu liggur fyrir mótsskýrsla frá Metamóti Hestamannafélagsins Spretts sem haldið var dagana 4. – 9. september 2020. Þrátt fyrir áskorun frá stjórn L.H til mótssjórnar (yfirdómnefndar) um að leiðrétt augljósa annmarka og villur í rangri mótsskýrslu mótssins, þar sem starfsmenn mótssins eru ýmist rangt tilgreindir eða þeirra ekki getið hefur slík leiðrétting ekki borist. Telja verður að mótssstórn (yfirdómnefnd) sé einni heimilt að senda inn nýja skýrslu sé hún ekki í réttu formi og berist ábendingar um það frá L.H, til að árangur á mótinu og mótið sjálft geti talist löglegt. Þrátt fyrir að upplýsingar um það hverjir voru raunverulegir starfsmenn, yfirdómari, mótssstjóri o.s.frv. liggi nú fyrir í gögnum málsins er það skýrt hlutverk mótssstjórnar (yfirdómnefndar) að skila inn skýrslu móta. Aðrir geta ekki tekið það að sér svo löglegt sé. Ef tæknilegir erfiðleikar eru með að skila inn mótsskýrslunni, sem ekkert liggur fyrir að hafi verið raunin eftir að erindi stjórnar L.H var sent mótssstjórn (yfirdómnefnd), þá væri hægt að senda stjórn L.H erindi með beiðni um breytingar sem allir aðilar mótssstjórnar (yfirdómnefndar) stæðu að eða mótssstjóri í þeirra umboði. Slíkar breytingar væru þá færðar inn af starfsmanni L.H en teldust þá skil á nýrri leiðréttri mótsskýrslu. Slík beiðni hefur heldur ekki borist.

Laganefnd L.H hefur í áliti sínu frá 22. október fjallað um ofangreint mót með all ýtarlegum hætti. Eru þar raktar þær lagatílvísanir til laga og regla L.H er málið varðar. Hefur Aganefnd haft álitið til hliðsjónar við vinnslu máls þessa þó Aganefnd sé sjálfstæð í störfum sínum.

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar um Aganefnd fjallar nefndin um brot keppenda og starfsmanna á hestamótum og í tengslum við þau sem L.H er aðili að. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar um Aganefnd L.H, fjallar nefndin einnig um skýrslur yfirdómnefnda móta og ákvarðar refsingu fyrir brot á keppnisreglum og reglugerðum L.H og FEIF, þ.á.m. reglum um ferðalög innanlands og utan. Telur Aganefnd því að málið varði skýrt hlutverk Aganefndar með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar um Aganefnd.

Í erindi stjórnar L.H. til Aganefndar frá 10. nóvember 2020 er óskað álits á því hvaða áhrif það hafi á árangur í keppnisgreinum að skil mótsskýrslu frá Metamóti Spretts séu með þeim hætti sem að ofan er lýst.

Það er niðurstaða Aganefndar að þar sem sú mótsskýrsla sem fyrir liggur af Metamóti Spretts, sem haldið var dagana 4. – 9. september 2020, er ekki í lögmætu formi og beinlínis röng og nýrri leiðréttri skýrslu hefur ekki verið skilað, þrátt fyrir áskorun um slíkt, til að mótið geti talist löglegt, verði ekki hjá því komist að úrskurða að mótið uppfylli ekki skilyrði til að teljast löglegt mót. Getur því sá keppnisárangur sem skráður er frá mótinu ekki staðið í heild sinni og ber að þurka þann árangur sem þar náðist út. Ofangreind niðurstaða er óumflýjanleg að mati Aganefndar L.H þar sem L.H er sá aðili sem heldur utan um skráningu löglegs keppnisárangurs og meta sem kunna að verða sett á mótum. Grundvöllur slíkrar skráningar verður ávallt að byggja á réttum og löglegum skráningargögnum, svo sem rétti mótsskýrslu.

Allur keppnisárangur sem skráður er í Sportfeng frá Metamóti Spretts 2020 skal afmáður.

III. Keppni í 150 og 250 metra skeiði á Metamóti Spretts.

Aganefnd hefur einnig til umfjöllunar eftirfarandi mál, sem eins og áður sagði var vísað til nefndarinnar frá stjórn L.H: *Knapi á Metamóti Spretts keppti á sama hesti í bæði 150m skeiði og 250m skeiði. Í lögum L.H í gr. 8.17. Viðauka 9 segir: „a) Þar sem keppir í P1/250 m skeiði má ekki keppa í P3/150m skeiði b) Þar sem keppir í P3/150m skeiði má ekki keppa í P1/250m skeiði.*

Sigurbjörn Bárðarson (SB) sem er sá knapi sem keppti bæði í 150 og 250 metra skeiði á umræddu móti var veittur 10 daga frestur til að skila sjónarmiðum sínum til Aganefndar. Andmæli S.B bárust 2. desember 2020. Í erindinu kemur fram að S.B. hafi skráð sig í góðri trú í báðar skeiðgreinarnar þ.e. P1/250 metra skeið og P3/150 metra skeið, án nokkurra athugasemda frá mótshöldurum. Viti hann ekki til þess að neinar kærur hafi borist vegna þessa. Hafi hann fengið viðurkenningar að móti loknu án allra athugasemda. Kemur fram í máli S.B. að hann hafi skilið reglur L.H þannig að það þurfi að leggja inn kærur innan ákveðins tíma eftir að keppni lýkur í hverri keppnisgrein. Ekkert slíkt hafi gerst. Veki það furðu að nú þegar komið sé á þriðja mánuð frá því að mótinu lauk, sé málið komið á borð Aganefndar L.H, er vísað um það til greinar 2.8.7 þar sem fram komi að yfirdómnefnd ábyrgist að mót fari fram eftir lögum og reglum L.H og ÍSÍ og sendi L.H skýrslu að móti loknu og að kærur til nefndarinnar skuli senda inn eigi síðar en 48 klst., sbr. úrskurð Aganefndar í máli nr. 1/2017.

Kemur einnig fram að S.B. hafi eftir að málið kom, upp kynnt sér lög og reglur L.H og hafi eftir yfirlegu fundið lið 4 í viðauka 9 á bls. 117 um þessa takmörkun á þátttöku með sama hest í báðum keppnisgreinum. Telur S.B. að umrædd regla hafi verið samþykkt sem túlkun á FEIF reglum 2018 og tekið upp af L.H 2019, án nokkurrar kynningar opinberlega, sem sé á skjön við það sem gera á þegar breytingar liggja fyrir. Telur S.B. jafnframt að reglan sé staðsett á torfundnum stað í regluverki L.H Gerir hann athugasemdir við þá kynningu sem reglan hafi fengið. Bendir S.B. á að dæmi séu um að mótshaldarar hafi ekki fylgt reglunni eftir og hafi það verið látið átölulaust hingað til. Telur S.B. hæpið að setja þá skyldu á alla keppendur hestamóta á Íslandi að gæta að því að skráningar séu í samræmi við ítrustu lög, reglur og túlkanir. Það hljóti ávallt að vera á ábyrgð mótshaldara og yfirdómara að passa uppá slíka hluti. Bent er á að L.H ætti að láta forrita kerfin með þeim hætti að óheimilar skráningar geti ekki átt sér stað.

S.B. tekur fram að eftir yfirlegu sé honum ljóst að sér hafi orðið á mistök við skráningu á viðkomandi móti. Um mannleg mistök sé að ræða í þessu tilviki og sé honum ljúft að biðjast auðmjúklegrar afsökunar á þeim.

Niðurstaða Aganefndar í máli Sigurbjörns Bárðarsonar.

Samkvæmt upplýsingum sem Aganefnd hefur aflað sér voru þær reglur sem hér um ræðir þ.e. 4 t.l. a og b í 9. Viðauka við lög og reglur L.H. settar í kjölfar FEIF þings sem haldið var 2018. Sambærileg regla mun eftir bestu upplýsingum Aganefndar ekki hafa verið í lögum áður, en viðtekin venja að ekki væri keppt á sama hesti í 150 og 250 metra skeiði á sama móti út frá sjónarmiðum um velferð hestsins og hafi henni verið fylgt all lengi. Þær breytingar sem um ræðir hafa verið í lögum og reglum L.H. frá því 1. apríl 2018 eftir þeim upplýsingum sem Aganefnd hefur aflað sér. Verður að byggja á að svo sé. Því hefur umrætt ákvæði verið í gildi í þrjú keppnissumur á Íslandi. Önnur efnisleg ákvæði og keppnisreglur um keppni í 150 og 250 metra skeiði P1 og P3 er að finna í grein 8.7.17, 250 metra skeið og 8.7.18, 150 metra skeið, í lögum og reglum L.H. Þar er ekki að finna þær takmarkanir sem fram koma í 4. tölul. 9. Viðauka, á því í hve mörgum skeiðgreinum hver hestur má keppa í á sama móti. Ljóst er því að til að vita hvað má og hvað má ekki í keppni í P1 og P3 þarf að lesa 9 viðauka. Viðaukinn telst hins vegar til fullgilds hluta laga og reglna L.H. og hefur sömu stöðu og önnur ákvæði þeirra laga.

Með vísan til þess sem að framan er rakið liggur fyrir að mati Aganefndar að S.B. braut gegn ákvæði a og b liðar 4 tölul. 9. Viðauka við lög og reglur L.H., í umræddri skeiðkeppni á Metamóti Sprettis, þar sem hann keppti á sama hesti í bæði P1 og P3 á mótinu.

Um heimildir Aganefndar til að fjalla um málið og beita agaviðurlögum samkvæmt lögum og reglum L.H.

Í grein 2.8.7 er fjallað um verkefni yfirdómnefnda í málum er varða áminningar, gul og rauð spjöl og frávísanir úr keppni. Fram kemur og að yfirdómnefnd sendi Aganefnd skýrslu að keppni lokinni. Í greininn segir „Yfirdómnefnd sendir Aganefnd skýrslu að móti loknu. Einnig skal senda inn kærur til nefndarinnar eigi síðar en 48 klukkustundum að móti loknu“. Með hliðsjón af sambærilegu ákvæði í reglum um Íslandsmót gr. 5.6. þar sem fram kemur að yfirdómnefnd sendir Aganefnd L.H skýrslu að móti loknu og sendir inn kærur til Aganefndar L.H. eigi síðar en 48 klst. Eftir að móti lauk, er ljóst að túlka verður grein 2.8.7 með sama hætti. Um kærur vegna atvika sem upp koma á mótum er einnig fjallað í reglum 2.8.8, 2.8.9, 2.8.10.3 og 2.8.11. Almenna reglan er sú að kærur vegna atvika eða framkvæmdar mótsins skulu afgreiddar á mótssstað af yfirdómnefnd strax og þær koma fram og skulu þær berast eigi síðar en hálf tíma eftir að móti lauk til yfirdómnefndar að móti loknu.

Þegar þau ákvæði sem að framan er vitnað til eru skoðuð er ljóst að þau fjalla um kærur vegna atvika sem upp koma á mótum og varða framkvæmd mótanna og samskipti aðila að mótinu, keppenda og starfsmanna móta. Í grein 2.8.9 „Kærur“ kemur fram að einungis þátttakendur, starfsmenn og dómarmenn geta borið fram kærur, en þó ekki síðar en hálf tíma eftir mótslok. Kærum skal beina til yfirdómnefndar. Yfirdómnefnd úrskurðar um meðferð kæra strax og þær koma fram. Taki hún kærur til greina, skal kalla hlutaðeigandi aðila fyrir og heyra málsbætur. Yfirdómnefnd kveður strax upp

úrskurð sinn í samræmi við 2.8.7. grein agalaga L.H. Kærur þarf að leggja fram skriflega til yfirdómnefndar í síðasta lagi hálf tíma eftir mótslok, ásamt tryggingu að upphæð kr. 5000 eða jafnmikið í erlendri mynt. Kærur vegna tímaplans eða framkvæmd keppnisgreinar þarf að leggja fram fyrir upphaf móts eða viðeigandi greinar.

Hér er til meðferðar mál sem varðar brot á lögum og keppnisreglum L.H. sem vísað er til Aganefndar L.H af stjórn landssambandsins. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar um Aganefnd fjallar hún um brot keppenda og starfsmanna á hestamótum og í tengslum við þau sem L.H er aðili að. Ljóst er að mati Aganefndar að þar sem að í 3. gr. reglugerðar um Aganefnda er fjallað sérstaklega um þann þátt í starfi Aganefndar er snýr að umfjöllun um skýrslu yfirdómnefnda móta og ákvarðanir um refsingu fyrir brot á keppnisreglum þá er um sjálfstæða heimild til að fjalla um brot keppenda á hestamótum að ræða í 2. gr.

Í því máli sem hér um ræðir er ekki er um eiginlega kæru að ræða sem lítur þeim tímafrestum sem fjallað er um í tilvitnuðum greinum, enda er þar verið að fjalla um réttindi keppenda og starfsmanna móta til að kæra keppni, ákvarðanir mótsstjórnar eða atvik sem upp koma á mótinu sem úrskurða á um á staðnum eða fara eiga í þann feril sem rakinn er í greinunum.

Það er mat Aganefndar L.H að stjórn landssambandsins og þá einungis stjórnin geti vísað til Aganefndar brotum keppenda og starfsmanna eftir að almennum frestum líkur vegna atvika sem varða brot á lögum og reglum L.H, þó þau hafi ekki verið kærð á viðkomandi móti. Aganefnd geti hins vegar ekki sjálf haft frumkvæði af því að taka upp Agamál sem ekki berst nefndinni eftir þeim leiðum sem lög og reglur L.H kveða á um. Helgast ofangreint af því að eitt af hlutverkum stjórnar L.H er samkvæmt gr. 1.4.2. í lögum og reglum L.H að hafa eftirlit með því að lög og reglugerðir L.H séu haldin. Eins og nánar verður rakið síðar í úrskurði þessum voru a.m.k. tvö aðskilin dæmi um að sömu keppnisreglur væru brotnar í skeiðkeppni sem fram fór á vegum L.H. Því er það mikilvægt og í samræmi við hlutverk stjórnar L.H, sbr. gr. 1.4.2. að stjórn hafi í lok keppnisárs aðkomu að slíkum tilvikum þar sem brot á keppnisreglum hafa átt sér stað þannig að knapar hagnist ekki á brotum sem ekki hafa verið kærð eða að ólögleg framkvæmd móta standi athugasemdaleaus. Almennt verður þó að reikna með að mál þar sem stórn L.H óskar eftir að séu skoðuð og um þau fjallað af Aganefnd séu fátíð og að málsmeðferð slíkra mála sé þá vönduð, og gagna aflað og álit Laganefndar L.H fengið. Sú niðurstaða að stjórn Landssambands hestamannafélaga geti ekki vísað málum til Aganefndar vegna reglna um fresti er varðar kærur, fresti sem hafa þann tilgang að keppendur og þeir sem að tilteknum mótum koma, geti ekki véfengt úrslit mót með kæru löngu síðar, er að mati Aganefndar ekki tæk niðurstaða og ekki í samræmi við tilgang reglnanna.

Það er mat Aganefndar að keppendur beri sjálfir ábyrgð á skráningum sínum í keppnisgreinar á mótum samkvæmt lögum L.H., sbr. helst ákvæði 2.3.1. Mótsstjórn eða starfsmenn móta, sem nánast án undantekninga eru sjálfboðaliðar bera ekki og eiga ekki að bera ábyrgð á skráningum keppenda í keppnisgreinar.

Að öllu ofangreindu sögðu er það mat Aganefndar að þar sem ljóst þykir að Sigurbjörn Bárðarsson hafi brotið ákvæði 4. tölul. a) og b) í 9. Viðauka laga og reglna L.H. og keppt á sama hesti í bæði 150 og 250 metra skeiði á Metamóti Sprettis 2020 beri að úrskurða hann í keppnisbann. Ekkert er hins vegar fram komið í málinu sem sýnir með

ótvíræðum hætti að um viljandi brot sé að ræða. Að fenginni ofangreindri niðurstöðu liggur fyrir Aganefnd að taka afstöðu til þess hvort úrskurða beri aðila í keppnisbann. Hafi mál borist með hefðbundnum hætti til Aganefndar með kæru frá yfirdómnefnd að móti loknu og brot verið úrskurðað ber samkvæmt lögum og reglum L.H að úrskurða aðila í keppnisbann. Atvik í máli þessu eru með öðrum hætti og er horft til þess að tilgangur stjórnar L.H er fyrst og fremst að rétta úrslit að loknu keppnisári sem fengist hafa með staðfestum brotum á lögum og reglum L.H en ekki að koma fram agaviðurlögum þegar svona háttar til nema í einstaka tilvikum þar sem brot væri þess eðlis. Afturvirkni refsingar og þess að dæma aðila í keppnisbann eftir að keppnistímabili er lokið, sem hefði þau hugsanlegu áhrif að árangur alls keppnistímabilsins bæri að þurka út er jafnframt of íþyngjandi niðurstaða. Að öllu þessu virtu telur Aganefnd því ekki að beita eigi ákvæðum um keppnisbann í þessu máli. Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að árangur sem næst með ólöglegum hætti geti ekki staðið. Með hliðsjón af því að áður hefur verið talið að fella beri allan skráðan árangur af Metamóti Spretts 2020 úr Sportfeng er ekki ástæða til að fjalla nánar um árangur Sigurbjörns af mótinu.

IV. Keppni í 150 og 250 metra skeiði á Skeiðleikum 2

Eins og áður var rakið í úrskurði þessum vísaði stjórn L.H einnig til meðferðar hjá Aganefnd samskonar atviki þar sem knapi á Skeiðleikum 2, sem haldnir voru á Brávöllum 10.06.2020, keppti á sama hesti í bæði 150m og 250m skeiði.

Sá knapi sem um ræðir í ofangreindu tilviki er Fredrica Fagerlund (F.F). Í svari hennar sem barst 3. desember s.l. er vitnað til þess að reglurnar í Viðauka 9. hafa ekki verið færðar inn í efnisreglur 8.7.17 eða 8.7.18 heldur séu þær mjög óaðgengilegar í Viðauka 9 á bls. 117 í lögum og reglum L.H. Ekki sé heldur gerð grein fyrir breytingunni í „Foot note“ sem þó sé oft gert. Vitnar F.F. til þess að engin umfjöllun hafi verið um ofangreindar breytingar og þrátt fyrir mikla leit á veraldarvefnum sjái hennar hvergi stað. Í svar F.F er enn fremur fjallað um tilurð umræddrar reglu og að ekki sé að sjá að hún sé sett út af hestavelferð sé hún borin saman við aðrar reglur í lögum og reglum L.H og út frá skilgreiningunni á því hvað sé „löglegur hestur“ og „hafin keppni“. Telur F.F. að þessi samanburður sýni að reglan sé tilkomin af öðrum ástæðum en því að velferð hestsins sé ógnað.

Bendir F.F á að árangur hennar og hestsins Snæs í P1 sé hvergi skráður. Jafnframt er í svari F.F. vitnað til sömu sjónarmiða og fram komu í svari S.B um grein 2.8.7 og kærufresti. Einnig vitnar F.F til ákvæða um kærur í grein 2.8.9. Bent er á að hvergi í gögnum málsins liggi fyrir að yfirdómnefnd á Skeiðleikum 2 hafi sent beiðni til Aganefndar L.H um meðferð þess atviks er hana varðar og átti sér stað á Skeiðleikum 2, þann 10. júní sl. Er og vitnað til máls Aganefndar nr. 1/2017 þar sem fram komi að Aganefnd L.H geti einvörðungu dæmt eftir lögum og reglum L.H og að þar sem það mál hafi borist Aganefnd eftir að frestur skv. grein 2.8.7 var liðinn hafi málinu verið vísað frá Aganefnd.

Niðurstaða Aganefndar í máli Fredricu Fagerlund:

Aganefnd telur að úrskurður nefndarinnar í máli nr. 1/2017 hafi ekki fordæmisgildi í þessu máli með vísan til alls þess sem áður er rakið um heimildir stjórnar

Landssambands hestamannafélaga til að bera mál undir Aganefnd félagsins og þess sem áður var rakið um verkefni Aganefndar, sbr. 2. gr. reglgerðar um Aganefnd L.H.

Með vísan til þess sem að framan er rakið liggur fyrir að mati Aganefndar að Frederica Fagerlund braut gegn ákvæði a og b liðar 4 tölul. 9. Viðauka við lög og reglur L.H., í keppni á Skeiðleikum 2 þann 10.06.2020, þar sem hún keppti á sama hesti í bæði P1 og P3 á mótinu. Ekkert er hins vegar fram komið í málinu sem sýnir með ótvíráðum hætti að um viljandi brot sé að ræða. Með vísan til þess sem áður er sagt um réttmæti keppnisbanns og áhrif afturvirkni þess svo löngu eftir að brot var framið er það niðurstaða Aganefndar að fella beri árangur Fredricu Fagerlund í keppni í P1 og P3 á Skeiðleikum 2 út úr Sportfeng.

Niðurstaða Aganefndar Landssambands hestamannafélaga í úrskurði þessum er kæránleg til dómstóls Í.S.Í.




ÚRSKURÐARORÐ

Fella skal út allan keppnisárangur af Metamóti Spretts sem haldið var dagana 04.09.2020 – 09.09.2020 úr Sportfeng.

Sigurbjörn Bárðarsson braut gegn ákvæðum 4. töluliðar a) og b) 9. Viðauka lag og reglna L.H í keppni á Metamóti Spretts 2020.

Frederica Fagerlund braut gegn ákvæðum 4. töluliðar a) og b) 9. Viðauka lag og reglna L.H í keppni á á Skeiðleikum 2. Árangur hennar í P1 og P3 á mótinu skal felldur úr gildi.

Reykjavík, 10. desember 2020.

Aganefnd L.H.

Atli Már Ingólfsson, formaður

Sæþór Fannberg

Gísli Guðmundsson